



Stjórnkerfis- og lýðræðisráð, Halldór Auðar Svansson  
Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

Málsnr: R15110202  
Skjalasafn Ráðhúss  
24. nóv. 2015  
Bréfalykill: 210

Á fundi velferðarráðs þann 22. janúar 2015 var lögð fram eftirfarandi tillaga frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks.


Lagt er til að velferðarsviði verði falið að skoða möguleika á því að setja upp vefsvæði í því skyni að kynna þjónustu sem stendur einstaklingum og fjölskyldum til boða í skóla- og velferðarmálum. Markmiðið er að stuðla að því að þeir sem þurfa geti fundið sér þjónustu við hæfi eins fljótt og hægt er. Með markvissu upplýsingaflæði um framboð skóla- og velferðarúrræða, hvort sem um opinbera eða einkaaðila er að ræða, má stuðla að því að fjölskyldur og einstaklingar leiti sér aðstoðar fyrr og helst um leið og grunur um þörf kviknar. Ná þarf enn frekar til þeirra sem ekki skila sér í ráðgjöf eða meðferð nógu snemma. Gott upplýsingaflæði um framboð myndi einnig draga úr því að of mikil áhersla sé á greiningu og að beðið sé langdvölum á biðlistum eftir mati en á meðan tapist mikilvægur uppbyggingartími.:

Á velferðarráðsfundi þann 5. febrúar 2015 samþykkti velferðarráð að vísa málinu til meðferðar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Jafnframt var óskað eftir að fram færi kostnaðarmat á uppbyggingu vefgáttar hjá Reykjavíkurborg sem myndi snúa að upplýsingum um þjónustu við börn. Jafnframt var eftirfarandi bókun lögð fram:

Fulltrúar Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata taka undir þær ábendingar sem fram koma í tillögu Sjálfstæðisflokksins um mikilvægi markviss upplýsingaflæðis til foreldra á þeim skóla- og velferðarúrræðum sem standa reykvískum börnum til boða. Hér er þó um að ræða stórt mál sem snýr að fleiru en eingöngu þjónustu velferðarsviðs. Fulltrúar Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata telja eðlilegt að vísa tillögunni til frekari vinnslu í stjórnkerfis- og lýðræðisráði. Ráðið hefur nýlega stofnað starfshóp sem falið er að fara yfir upplýsingastefnu borgarinnar. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg móti sér og vinni samkvæmt öflugri heildstæðri upplýsingastefnu sem miðar að því að auka aðgengi íbúa borgarinnar að rafrænum upplýsingum. Velferðarráð telur brýnt að slík vinna sé unnin heildrænt í miðlægrri stjórnsýslu borgarinnar. Einnig bendir ráðið á mikilvægi þess að í kjölfar þeirrar vinnu fylgi fjármagn til þess að hægt sé að standa að nauðsynlegum úrbótum og nýsköpun í rafrænni stjórnsýslu borgarinnar, íbúum til hagsbóta.

Því miður láðist að senda tillöguna og samþykkt ráðsins fyrr og biðjumst við velvirðingar á því og tilkynnist þetta hér með.

Virðingarfyllt,

  
Elly A. Þorsteinsdóttir  
skrifstofustjóri